



Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vilja benda á augljósa annmarka sem koma fram í samantekt fjármála- og efnahagsráðuneytisins um umsagnir og breytingatillögur, dags. 6. desember 2023 við 468. Mál á 154 löggjafarþingi 2023-2024.

- Það er rétt að gistináttaskatturinn hefur verið í gildi frá 1. janúar árið 2012 og að álagningu hans var frestað tímabundið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Það hefur jafnframt legið fyrir að hann kæmi aftur til framkvæmda á árinu 2024. Hins vegar hefur aðeins legið fyrir að hann kæmi óbreyttur til framkvæmda, ekki að hann myndi hækka um rúmlega 100% - með nær engum fyrirvara. Það er nýtt og SAF vilja því frestun á þeirri gildistöku.
- Í tillögum að aðgerðaráætlun ferðaþjónustu til 2030 er bent á hagkvæmari leiðir til tekjuöflunar til framtíðar í samráði við atvinnugreinina. Jafnframt væri hægt að fullnægja ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukna tekjuöflun af ferðamönnum með því að útvíkka gistináttaskattinn, í því formi sem hann var fyrir heimsfaraldurinn, á alla sem selja gistingu hér á landi.
- SAF telja gott að fá það skýrt fram að fjármálaráðuneytið líti svo á að ekki þurfi að auglýsa gistináttaskattinn í endanlegu verði.
- Þrátt fyrir að gististaðir geti nú innheimt gistináttaskatt eftir afhendingu gistieiningar verður greitt fyrir þær breytingar sem áætlaðar eru með auknu vinnuafli við innheimtuna. Það er ekkert annað en aukinn kostnaður við rekstur gististaða. Þar að auki fylgir kostnaður þeim kerfisbreytingum sem gististaðir landsins þurfa að leggja út fyrir vegna breytinga á skattinum. Þá getur jafnframt farið svo að eftirspurn raskist til framtíðar.
- Í ljósi þess að ráðuneytið telur jafn auðvelt og raun ber vitni að hækka skattinn þá hlýtur einnig að vera auðvelt að leggja hann á alla þá sem selja gistingu, þar á meðal á þá selja gistingu ekki í atvinnuskyni, svo sem í heimahúsum, stéttarfélag og ýmis ferðafélög.
- SAF benda á að gistinætur erlendra ferðamanna á hótelum hafa ekki haldið í við fjölgun þeirra í komum til landsins á þessu ári, ef miðað er við sama tíma árið 2022. Erlendir ferðamenn virðast því í auknum mæli velja annars konar gistingu heldur en hótलगistingu.
- Ráðuneytið svarar því ekki að gistináttaskattur sé í raun landsbyggðaskattur, á landsbyggðinni er hlutfallslega ódýrari gisting og því hærri gistináttaskattur á hvert gistirými. Þar að auki er oftast ekki um fjölmennari gistirými að ræða og því leggjast áætlaðar breytingar þyngra á herbergi á landsbyggðinni.
- Augljóst er á umfjöllun ráðuneytisins að samráð við greinina sjálfa um þessar breytingar átti sér ekki stað.
- SAF benda á að í dag eru tiltölulega fáir rekstraraðilar sem sjá um farþegasiglingar í heiminum þannig að ef þeir hætta við að sigla hingað til lands vegna breytinga á rekstrarumhverfi sem koma fram með nær engum fyrirvara, er ekki ljóst að öðrum aðilum sé til að dreifa til að sigla í skarðið.
- SAF benda ráðuneytinu á að tækniþróun rafmagnshúsbíla sem verið er að tala um í þessari samantekt er ekki komin jafn langt og haldið er fram.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri